

Fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjaafréttar. 19.ágúst 2019

Fundarstaður: Árnes

Tími: 20:00

Fundargerð nr.7

Fundinn sátu: Gylfi Sigríðarson, Arnór Hans Þrándarson , Lilja Loftsdóttir, Guðmundur Árnason og Kristófer Tómasson

Fundarefni: Niðurjöfnun fjallskila - Gerð fjárhagsáætlunar fyrir þau – Yfirfara þau verkefni sem vinna þarf fyrir réttir - Önnur mál

- Fjallsafn er orðið mannað og vel það. Tveir aðilar fengu ekki leit en verður boðið að fara með. Í Eftirsafn vantar einn til að fullmanna.
- Ljóst er að hækka þarf fjallskil þónokkuð þar sem vetrarfóðruðum kindum fækkaði um tæp 500 milli ára. Fjárhagsáætlunin er á meðfylgjandi blaði.
- Yfirfara réttirnar og girðingar áður en féð kemur til rétta ,stækkun á bílastæðum við réttirnar þarf að skoða, auglýsa þarf umferðartafir á meðan rekstrarnir koma fram, hestagirðingu í Hólaskógi þarf að laga, flutningur á fé úr Skeiðaréttum og Hrunaréttum þarf að ganga frá og hver dregur féð í Hrunaréttum,
- Breytingar verða á tímasetningu eftirsafns hjá Flóa og Skeiðamönnum. Þeir munu fara á fimmtudegi og koma til baka sunnudaginn sem skilaréttin er. Hafa þeir því beðið um að breyting verði á tímasetningu skilaréttar.Málið er í skoðun. Nefndinni barst bréf nú í sumar þar sem velt var upp þeirri hugmynd hvort ekki væri hægt að gera kaffihlé eftir að dregið hefur verið úr fyrsta innrekstri. Með hugmyndinni fylgdu þrýðileg rök sem látin eru fylgja hér með. Nefndin og fjallkóngurinn tóku jákvætt í þetta og eru tilbúin að gera hálf tíma stopp . Fjallkóngur Austurleitar verður látinn vita af þessari breytingu teljum þó að þetta eigi ekki að trufla þeirra tímasetningar með fjárreksturinn. Guðmundur fjallkóngur bar fram þá ósk sína að unnið yrði að því að sett yrði upp safnhólf framan við Hólaskóg til að geyma safnið í nóttina áður en það er rekið fram. Það myndi flýta fyrir og létta smölunina á fimmtudags morgninum. Einnig kom hann með þá ósk að sett yrði upp hestaskjól í Bjarnalækjarbotnum. Hafa þessar hugmyndir verið í umræðunni og munu fara inn á verkefnalist nefndarinnar til nánari skoðunar. Vatnsmál í Gljúfurleit þarf að skoða betur eins og kom fram í síðustu fundargerð og vatnslaut er í hestagirðingunni eftir þurrkana sem hafa verið í sumar. Björn Hrannar og Víglundur munu hefja lagfæringar á réttarveggjum nú eftir réttir.

Fundi slitið: 22:40

Fundarritari: Lilja Loftsdóttir

Guðmundur Árnason
Gylfi Sigríðarson
Lilja Loftsdóttir

Tillaga að fjárgagsáætlun fjallskila 2019

Tekjur	Fjárfjöldi	jarðarþúsund	Kr.pr ein		Samtals
Fjártala	2,217		560		1,241,520
Jarðarþúsund		5,537	112		625,681
Selt fæði og hey					160,000
Seld beit í réttum					0
				Samt. tekjur	2,022,280

Gjöld	Dagar	Kr.pr.dag	Menn	Samtals 1 maður	Samtals
Sandleit	9	3,523	2	31,707	63,414
Norðurleit	6	3,523	4	21,138	84,552
Dalsá	5	3,523	17	17,615	299,455
Eftirsafn	6	3,927	7	23,562	164,934
Sandleit tæki	9	6,300	1	56,700	56,700
Sandleit trúss	9	3,523	1,5	47,520	47,520
Gljufurleit tæki	6	6,300	1	37,800	37,800
Gljufurleit trúss	5	3,523	1,5	26,422	26,422
Gljufurleit matræður	5	3,523	1,5	26,422	26,422
Norðurleit trúss	2	10,162	1	21,168	21,168
Eftirsafn tæki	6	6,300	1	37,800	37,800
Eftirsafn trúss	6	3,927	1,5	35,343	35,343
				Samtals leitir	901,530

Matarkaup					490,000
Endurgreidd smölun					0
Réttarferðir					40,000
Fjallkóngur					25,000
Viðhald rétta og girðinga					200,000
Réttarfé					0
Afsláttur					0
Ófyrirséð					27,750
Eftirleit					70,000
Heykaup					200,000
Leiga á landi					50,000
Tryggingar					18,000
				Samt. annar kostnaður	1,120,750

				Samtals leitir og annar kostnaður	2,022,280
--	--	--	--	--	------------------

Hér fylgir með bréfið sem nefndinni barst í sumar og pistillinn sem minnst er á í því.

Kæra Afréttarmálanefnd Gnúppverja

Nú þegar fé er komið á fjall styttist óðum í fjallferðir og réttir sem þeim fylgja. Eins og við vitum er hlutverk réttanna helst að flokka fé og koma því heim á bæi. Þó er ekki hægt að neita því að réttahöld gegna mikilvægu menningarlegu hlutverki í samfélaginu, sérstaklega á stað þar sem þær hafa verið haldnar í nær árþúsund. Skaftholtsréttir eru árviss viðburður sem ungabörn jafnt sem gamalmenni hlakkar til að upplifa ár hvert. Réttahöldunum fylgja eftirvænting og gleði sem aðrar samkomur geta seint leikið eftir.

Með mikilvægi samkomunnar í huga viljum við undirritaðar bera fram tillögu sem, að okkar mati, mun auka ánægju allra sem í réttirnar koma og bæta enn í hina einstöku stemmningu sem fylgja réttahaldi. Við leggjum til að eftir fyrsta innrekstur verði tekið klukkutíma matarhlé. Þannig gefst fólki tækifæri á að njóta þeirra veitinga og veiga sem pakkað hefur verið fyrir daginn. Á það ekki síst við þá sem taka að sér hliðvörslu í dilkum þangað sem mest fé er dregið. Teljum við að þetta fyrirkomulag myndi ekki raska heimrekstri um of þar sem iðulega hefur gengið rösklega að draga fé í dilka. Einnig hefur því fé sem farið er með á fjall farið ört fækkandi og því ólíklegt að reka þurfi inn oftár en tvisvar.

Við látum fylgja með pistil sem birtur var í Fréttabréfinu fyrir þremur árum og okkur þykkir lýsa þeirri stemmningu sem fylgir réttahaldi og við viljum halda í einkar vel.

Gígja Sigurðardóttir og Hrafnhildur Jóhanna Björg Sigurðardóttir

Föstudagur í september

Það er svo margt yndislegt sem gerist á haustin. Gróðurinn tekur á sig nýjan lit og rigningin skolar burt ryki sumarsins. Hversdagsleiki vinnu og skóla tekur við eftir sumarfrí. Í sveitinni ber haustið með sér hefð. Hún er gömul og gróin. Hún fyllir heilt samfélag af eftirvæntingu. Fjallferðarmenn flykkjast í hópum uppá afrétt. Undan rótum Hofsjökuls skal féð rekið til byggða. Eftirvæntingin liggur í loftinu og ilmur af allskyns bakkelsi svífur undir vitjum. Að lokum þessa ferðalags bíður réttardagurinn. Stærsta fjölskylduhátíð sveitarinnar er í vændum. Fjárhagarnir skulu hreinsaðir.

Ferðarinnar er beðið með spennu. Allir hjálpast að við að leggja hönd á plóg. Ferðamennirnir þjálfreiðhrossin og hinir skreppa í kaupstað eftir því sem vantar. Stásstofan er undirlögð af vettlingum, ullarsokkum og víni. Öllu er svo troðið í skrínur og sjópoka. Nú rennur ferðadagurinn upp. Við sem heima sitjum hjálpum til við lokaundirbúning. Föðurlandið skartar sínu fegursta og ullarsokkar klæða pelana vel. Þau leggja sönglandi af stað í enn eitt skiptið.

Heima fyrir fylgist búalið með veðurfregnum og fer oft á dag að gá til veðurs. Vonandi rignir ekki mikið á þessi ofurmenni. Þau eru upp á veðurguðina komin. Hálendið er fagurt en glíman við náttúruöflin er oft brögðul. Oft hafa veður og vötn hótáð lífi fjallmanna. Samt skal smalað. Samt skal réttað.

Smalar koma safninu til byggða. Mörgum verður að orði hve það fari minnkandi. Hlátrasköll óma í blíðunni. Það er alltaf gott veður á réttardaginn. Menn heilsast sem ekki hafa sést síðan í fyrra. Gleðilega hátíð. Féð er dregið í dilka. Hjá sumum hefur fjölgað, hjá öðrum fækkað. Allir eru kátir. Börn og hundar hlaupa í hringi á réttarveggnum. Undir lok dags er hver hjörð rekin heim. Súpa er etin. Menn skála fyrir vel heppnuðum leitum.

Ekki eru allar hefðir góðar þó gamlar séu. Sumar mætti leggja á hilluna, öðrum henda í ruslið. Þessari hefð vil ég þó halda. Hefð sem gefur heilu samfélagi ráð til að taka frí og skemmta sér. Þeir sem eiga heiman gengt ýmist ríðandi eða bílandi flykkjast á þennan forna stað. Hér hefur verið réttað í næstum þúsund ár. Enn eru hér mannamót fyllt gleði og kátínu og kærleika. Einn föstudag í september leggja menn hversdaginn á hilluna og rétta.

Gígja Sigurðardóttir

september 2016